

REGLUR

um breytingu á reglum um störf dómnefndar og ráðningar akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri, nr. 258/2016.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. reglnanna orðast svo: Um framgang akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri gilda reglur nr. 1010/2016 um framgang og ótmabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri.

2. gr.

1. málslíður 1. mgr. 2. gr. reglnanna orðast svo: Umsóknir um nýjar stöður skulu berast skrifstofu rektors sem staðfestir móttoku þeirra. Æskilegt er að umsóknir og umsóknargögn séu á rafrænu formi.

3. gr.

4. gr. reglnanna orðast svo:

Við Háskólann á Akureyri skal starfa þriggja manna dómnefnd til að meta hæfi þeirra sem sækja um akademísk störf eða fá boð um slíkt starf. Gæta skal þess að í dómnefnd sitji bæði karlar og konur. Rektor skipar dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs til tveggja ára í senn. Í dómnefnd skal sitja a.m.k. einn fulltrúi sem ekki starfar við Háskólann á Akureyri. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa doktorsprófi eða hliðstæðu prófi úr háskóla og er miðað við að þeir sem skipaðir eru í nefndina hafi viðamikla reynslu af rannsóknum, kennslu og stjórnunarstörfum. Formaður dómnefndar skal hafa verið metinn hæfur til að gegna starfi prífessors. Þegar dómnefnd fjallar um umsóknir um framgang í stöðu prífessors skal tryggt að þeir nefndarmenn sem standa að matinu séu allir með prífessorshæfi. Rektor skal í samráði við sviðsforseta tilnefna ytri ráðgjafa, hverju sinni, er skal vera dómnefnd til ráðgjafar þegar fræðistörf umsækjenda eru metin. Við sérstakar aðstæður er heimilt að skipa fleiri en einn ytri ráðgjafa.

Dómnefnd fjallar bæði um nýráðningar og framgang akademískra starfsmanna. Þær reglur og leiðbeiningar sem fram eru settar í þessum reglum eiga því yfirleitt jafnt við hvort tveggja nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Í framgangsmálum skal rektor jafnan skipa einn nefndarmann til setu í sérhverju framgangsmáli og skal sá tilnefndur af því fræðasviði sem umsækjandi um framgang starfar við og skal vera sérfróður um þau tilteknu fræði sem umsækjandi fæst við.

Um sérstakt hæfi dómnefndarmanna fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Heimilt er að taka upp sérstakar verklagsreglur sem kveða nánar á um störf dómnefndar og skal háskólaráð staðfesta þær reglur.

Verkefnastjóri stjórnsýslu rannsókna er ritari dómnefndar. Hlutverk hans er að aðstoða dómnefnd og gæta þess að störf hennar séu í samræmi við stjórnsýslulög, lög um opinbera háskóla, reglur þessar og önnur lög og reglur er við eiga. Honum ber sérstaklega að gæta þess að dómnefndir starfi í samræmi við þau tímamörk sem kveðið er á um í reglum þessum og verklagsreglum staðfestum af háskólaráði.

Ritari dómnefndar undirbýr umfjöllun um umsóknir og tryggir að öll viðhlítandi umsóknargögn og eftir atvikum staðfestingar og vottorð liggi þegar dómnefnd fjallar um mál. Formaður dómnefndar stýrir starfi hennar og skiptir verkum með dómnefndarmönnum.

4. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr. svohljóðandi:

Dómnefnd skal hraða störfum sínum eftir fóngum og skal hún að jafnaði hafa lokið störfum innan 30 daga frá því að ytri ráðgjafi er tilnefndur. Ef fyrirsjáanlegt er að störf dómnefndar muni dragast fram yfir framangreindan frest ber dómnefnd að senda umsækjendum tilkynningu um það, þar sem greint er frá því hverjar ástæður tafanna eru og hvenær megi vænta þess að dómnefnd ljúki störfum. Gangi sú áætlun ekki eftir ber að senda tilkynningu á nýjan leik. Dómnefnd skal senda

Nr. 784

25. júní 2020

rektor afrit af framangreindum bréfum. Ritari dómnefndar hefur eftirlit með því að dómnefndir sendi framangreindar tilkynningar.

5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru af háskólaráði, eru settar með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum, sbr. einnig 20. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009, öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 25. júní 2020.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

B-deild – Útgáfud.: 12. ágúst 2020